

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/15/EB

2005/EES/16/25

frá 11. mars 2002

## um skipulag á vinnutíma farstarfsmanna sem sjá um flutninga á vegum (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum  
71. gr. og 2. mgr. 137. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í  
251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>, á grundvelli sameiginlegs texta sátt-  
nefndarinnar frá 16. janúar 2002,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 frá 20. desember 1985 um samþæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum <sup>(4)</sup> er mælt fyrir um sameiginlegar reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna. Reglugerðin tekur ekki til annarra þátta vinnutíma er varðar flutninga á vegum.
- 2) Með tilskipun ráðsins 93/104/EB frá 23. nóvember 1993 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma <sup>(5)</sup> er unnt að samþykkja frekari sérkröfur um skipulag á vinnutíma. Með það í huga að þessi tilskipun nær yfir fleiri en eitt svið ganga ákvæði hennar framur ákvæðum tilskipunar 93/104/EB skv. 14. gr.
- 3) Þrátt fyrir umfangsmiklar samningaviðræður milli aðila vinnumarkaðarins hefur ekki náðst samkomulag um mál farstarfsmanna í flutningum á vegum.
- 4) Það er því nauðsynlegt að samþykkja röð sérákvæða um vinnustundir við flutninga á vegum sem skulu tryggja öryggi flutninga og heilbrigði og öryggi þeirra sem hlut eiga að máli.
- 5) Þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð þeim markmiðum sem fyrirhugaðar aðgerðir fela í sér og auðveldara er að ná markmiðunum á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðirnar eru

umfangsmiklar og hafa viðtæk áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná megi þessum markmiðum.

- 6) Gildissvið þessarar tilskipunar tekur einungis til farstarfsmanna sem ráðnir eru til starfa hjá flutninga-fyrirtækjum með staðfestu í aðildarríki, sem tekur þátt í flutningastarfsemi á vegum, sem reglugerð (EBE) nr. 3820/85 tekur til eða, að öðrum kosti, AETR-samningurinn (Evrópusamningur um störf áhafna ökutækja sem annast alþjóðlega flutninga á vegum).
- 7) Gert skal ljóst að farstarfsmenn, sem ekki falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, aðrir en sjálfstætt starfandi ökumenn, njóta góðs af þeirri grundvallarvernd sem kveðið er á um í tilskipun 93/104/EB. Í þeirri grundvallarvernd felast núgildandi reglur um viðunandi hvíld, hámarks lengd meðalvinnuviku, árlegt orlof og tiltekin grundvallarákvæði um næturvinnustarfsmenn, þ.m.t. heilbrigðisskoðun.
- 8) Þar sem gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 nær til sjálfstætt starfandi ökumanna en ekki tilskipun 93/104/EB falla þeir tímabundið ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar í samræmi við ákvæði 1. mgr. 2. gr.
- 9) Skilgreiningarnar í þessari tilskipun skulu ekki skapa fordæmi fyrir aðrar reglugerðir Bandalagsins að því er varðar vinnutíma.
- 10) Til að auka umferðaröryggi, koma í veg fyrir röskun á samkeppni og tryggja öryggi og heilbrigði farstarfsmannanna, sem þessi tilskipun tekur til, skulu þeir vita nákvæmlega hvaða tímabil, sem flutningar á vegum fara fram á, falla undir vinnutíma og hvaða tímabil teljast vera vinnuhlé, hvíldartími eða tímabil þegar ökumenn eru tiltækir. Þessum starfsmönnum skal veittur lágmarkshvíldartími daglega og vikulega og einnig viðunandi vinnuhlé. Nauðsynlegt er að setja hámark á fjölda vikulegra vinnustunda.
- 11) Rannsóknir hafa sýnt að mannlíkaminn er viðkvæmari fyrir umhverfisröskunum á næturnar og einnig fyrir tilteknu, íþyngjandi skipulagi og að langvarandi næturvinna getur verið skaðleg heilsu starfsmanna og stofnað öryggi þeirra í hættu, svo og almennu öryggi á vegum.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 80, 23.3.2002, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 39, 31.7.2003, bls. 16.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 43, 17.2.1999, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 138, 18.5.1999, bls. 33.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 14. apríl 1999 (Stjtið. EB C 219, 30.7.1999, bls. 235), sem var staðfest 6. maí 1999 (Stjtið. EB C 279, 1.10.1999, bls. 270), sameiginleg afstaða ráðsins frá 23. mars 2001 (Stjtið. EB C 142, 15.5.2001, bls. 24) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 14. júní 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 5. febrúar 2002 og ákvörðun ráðsins frá 18. febrúar 2002.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 370, 31.12.1985, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 307, 13.12.1993, bls. 18. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/34/EB (Stjtið. EB L 195, 1.8.2000, bls. 41).

- 12) Af þeim sökum er þörf á að takmarka lengd næturvinnu og að sjá til þess að atvinnuökumenn, sem vinna á næturnar, fái viðeigandi jöfnunargreiðslur fyrir vinnu sína og skuli ekki líða fyrir það að því er varðar tækifæri til starfsþjálfunar.
- 13) Atvinnurekendur skulu halda skrár yfir tilvik þegar farið er yfir hámarks lengd meðalvinnuviku sem gildir um farstarfsmenn.
- 14) Ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 um ökutíma við farþegaflutninga milli landa og innanlands, aðra en áætlunarferðir, gilda áfram.
- 15) Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með framkvæmd þessarar tilskipunar og þróun á þessu sviði í aðildarríkjunum og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina um beitingu reglnanna og þær afleiðingar sem ákvæðin um næturvinnu hafa.
- 16) Nauðsynlegt er að kveða á um að undanþága gildi um tiltekin ákvæði, eftir aðstæðum, sem aðildarríkin eða aðilar vinnumarkaðarins hafa samþykkt. Almennt gildir sú regla, ef um undanþágu er að ræða, að viðkomandi starfsmenn skuli fá viðbótarhvíldartíma.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Markmið

Markmiðið með þessari tilskipun skal vera að setja fram lágmarkskröfur að því er varðar skipulag á vinnutíma í því skyni að bæta heilsuvernd og öryggi farstarfsmanna sem sjá um flutninga á vegum og til að bæta umferðaröryggi og samræma samkeppnisskilyrði.

##### 2. gr.

#### Gildissvið

1. Tilskipunin gildir um farstarfsmenn sem eru ráðnir hjá fyrirtækjum með staðfestu í aðildarríki sem stunda flutningastarfsemi á vegum sem reglugerð (EBE) nr. 3820/85 tekur til eða, að öðrum kosti, AETR-samningurinn.

Þessi tilskipun gildir um sjálfstætt starfandi öikumenn frá 23. mars 2009, sbr. þó ákvæðin í eftirfarandi undirgrein.

Eigi síðar en tveimur árum fyrir þessa dagsetningu skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið. Í þessari skýrslu skal greina afleiðingar þess að gildissvið tilskipunarinnar nái ekki til sjálfstætt starfandi öikumanna að því er varðar öryggi á vegum, samkeppnisskilyrði, uppbyggingu starfsgreinarinnar ásamt félagslegum þáttum. Tekið skal tillit til aðstæðna í hverju aðildarríki í tengslum við uppbyggingu atvinnugreinarinnar og vinnuumhverfi flutningastarfsemi á vegum. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram tillögu á grundvelli þessarar skýrslu og

getur markmið hennar verið, eftir því sem við á, annaðhvort:

- að setja fram skilyrði fyrir því að sjálfstætt starfandi öikumenn falli undir gildissvið tilskipunarinnar þegar um er að ræða tiltekna sjálfstætt starfandi öikumenn, sem ekki stunda flutningastarfsemi á vegum í öðrum aðildarríkjum og sem eru háðir innlendum takmörkunum af hlutlægum ástæðum, s.s. jaðarstaðsetningu, löngum ferðum innanlands og tilteknu samkeppnisumhverfi, eða
- að gildissvið tilskipunarinnar nái ekki til sjálfstætt starfandi öikumanna.

2. Ákvæði tilskipunar 93/104/EB gilda um farstarfsmenn sem falla ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar.

3. Að svo miklu leyti sem þessi tilskipun hefur að geyma fleiri sérákvæði, að því er varðar farstarfsmenn sem sjá um flutninga á vegum, skal hún, með fyrirvara um 14. gr. tilskipunar 93/104/EB, ganga framar viðkomandi ákvæðum þeirrar tilskipunar.

4. Þessi tilskipun skal koma til viðbótar ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 og, þar sem þörf er á, AETR-samningsins sem ganga framar ákvæðum þessarar tilskipunar.

##### 3. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „vinnutími“:

1. að því er varðar farstarfsmenn: tíminn frá því vinna hefst og þar til henni lýkur og farstarfsmaðurinn er á verkstöð sinni, tiltækur atvinnurekandanum og stundar starf sitt eða starfsemi, þ.e.:

— sá tími sem fer í alla flutningastarfsemi á vegum. Starfsemin er einkum eftirfarandi:

i) akstur,

ii) ferming og afferming,

iii) aðstoð við farþega að fara upp í og út úr ökutæki,

iv) hreingerning og viðhald á tækjabúnaði,

v) öll önnur vinna sem er ætlað að tryggja öryggi ökutækisins, farms þess og farþega eða til að uppfylla lagalegar skyldur eða reglugerðarskuldbindingar sem tengjast beinlínis tilteknum flutningarekstri, sem unnið er að, þ.m.t. eftirlit með fermingu og affermingu, formsatriði á sviði stjórnsýslu sem snúa að lögreglu, tolli, útlendingastofnun o.s.frv.,

- sá tími sem starfsmanni er ekki frjálst að ráðstafa að eigin vild og þarf að vera á verkstöð sinni tilbúinn að hefja venjulega vinnu, með tiltekin verkefni sem tengjast vinnunni, einkum á tímabilum þegar beðið er eftir fermingu eða affermingu og ekki er fyrirséð hve lengi það varir, þ.e. annaðhvort fyrir brottför eða rétt áður en umrætt tímabil hefst nákvæmlega eða samkvæmt almennum skilyrðum, sem aðilar vinnumarkaðarins hafa samið um, og/eða samkvæmt skilmálum löggjafar aðildarríkjanna,

2. ef um er að ræða sjálfstætt starfandi öikumenn gildir sama skilgreiningin um tímann frá því að vinna hefst og þar til henni lýkur og hinn sjálfstætt starfandi ökumaður er á verkstöð sinni, er tiltækur fyrir viðskiptavininn og stundar starf sitt eða starfsemi, aðra en almenna stjórnsýsluvinnu, sem ekki tengist beint hinum tiltekna flutningarekstri sem unnið er að.

Vinnuhléin, sem um getur í 5. gr., hvíldartíminn, sem um getur í 6. gr., og, með fyrirvara um löggjöf aðildarríkjanna eða samninga milli aðila vinnumarkaðarins, sem kveða á um að slík tímabil skuli bætt eða takmörkuð, tiltækileiki, sem um getur í b-lið þessarar greinar, skulu ekki teljast til vinnutíma,

b) „tiltækileiki“:

- önnur tímabil en þau sem tengjast vinnuhléum og hvíldartíma þegar þess er ekki krafist að farstarfsmaðurinn dvelji á verkstöð sinni en verður að vera tiltækur og svara útkalli til að hefja eða halda áfram akstri eða inna af hendi aðra vinnu. Einkum skal í þess háttar tiltækileika felast tímabil þegar farstarfsmaðurinn fylgir ökutæki, sem verið er að flytja með ferju eða lest, auk biðtíma við landamæri og af völdum umferðarbanns.

Farstarfsmaðurinn skal látinn vita af þessum tímabilum fyrir fram og fyrirjáanlegri lengd þeirra, þ.e. annaðhvort fyrir brottför eða rétt áður en umrætt tímabil hefst, eða samkvæmt almennum skilyrðum, sem aðilar vinnumarkaðarins hafa samið um, og/eða samkvæmt skilmálum löggjafar aðildarríkjanna,

- að því er varðar farstarfsmenn í sömu áhöfn, sá tími sem setið er við hlið öikumanns eða legið í svefnplássi á meðan ökutækið er á hreyfingu,

c) „verkstöð“:

- staðsetning aðalstarfsstöðvar fyrirtækisins þar sem farstarfsmaður, sem sér um flutninga á vegum, sinnir skyldustörfum, auk þess ýmsar dótturstarfsstöðvar, óháð því hvort þær eru á sama stað og aðal-skrifstofan eða aðalstarfsstöðin,

- ökutækið sem farstarfsmaður, sem sér um flutninga á vegum, notar þegar hann sinnir skyldustörfum sínum, og

- aðrir staðir þar sem starfsemi, sem tengist flutningum, er sinnt,

d) „farstarfsmaður“: starfsmaður sem er hluti af ferðastarfshópnum, þ.m.t. lærlingar og nemar sem eru í þjónustu fyrirtækis sem stundar flutningaþjónustu á vegum fyrir farþega eða vörur gegn gjaldi eða á eigin vegum,

e) „sjálfstætt starfandi ökumaður“: hver sá sem hefur að aðalvinnu að flytja farþega eða vörur á vegum gegn gjaldi, í skilningi löggjafar Bandalagsins, með leyfi Bandalagsins eða annarrar starfsheimildar til að stunda fyrrnefnda flutninga, sem á rétt á að vinna fyrir sjálfan sig og er ekki bundinn af ráðningarsamningi við

atvinnurekanda eða annars konar stigskiptu samvinnufyrirkomulagi, sem er frjálst að skipuleggja viðkomandi starfsemi, byggir tekjur sínar beinlínis á hagnaðinum af henni og hefur frelsi til að mynda viðskiptasamband við marga viðskiptamenn, einn og sér eða í samstarfi við aðra sjálfstætt starfandi öikumenn.

Í þessari tilskipun skulu þeir öikumenn, sem ekki koma til móts við þessar viðmiðanir, vera háðir sömu skuldbindingum og njóta sömu réttinda og kveðið er á um fyrir farstarfsmenn í þessari tilskipun,

- f) „farstarfsmenn sem sjá um flutninga á vegum“: þeir farstarfsmenn eða sjálfstætt starfandi öikumenn sem stunda þess háttar starfsemi,
- g) „vika“: tímabilið frá kl. 00.00 á mánudegi til kl. 24.00 á sunnudegi,
- h) „næturvinnutími“: lágmark fjórar klukkustundir, eins og skilgreint er í landslögum, frá kl. 00.00 til 07.00,
- i) „næturvinna“: vinna sem er unnin að nóttu til.

4. gr.

**Hámarksfjöldi vinnustunda á viku**

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

- a) meðalfjöldi vinnustunda á viku fari ekki yfir 48 stundir. Hámarksfjöldi vinnustunda á viku getur því aðeins orðið 60 klst. ef meðalfjöldi vinnustunda á viku fer ekki yfir 48 klst. í fjóra mánuði. Fjórða og fimmta undirgrein 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 eða, þar sem þörf er á, fjórða undirgrein 1. mgr. 6. gr. AETR-samningsins, skal ganga framar þessari tilskipun, að því tilskildu að viðkomandi öikumenn vinni ekki meira en 48 klst. á viku að meðaltali á fjögurra mánaða tímabili,
- b) vinnutími fyrir mismunandi atvinnurekendur séu vinnustundirnar samanlagðar. Atvinnurekandinn skal biðja viðkomandi farstarfsmann skriflega um að gera grein fyrir þeim tíma sem hann hefur unnið fyrir annan atvinnurekanda. Farstarfsmaðurinn skal láta upplýsingarnar í té skriflega.

5. gr.

**Vinnuhlé**

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, með fyrirvara um umfang þeirrar verndar sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 3820/85 eða, að öðrum kosti, í AETR-samningnum, að farstarfsmenn, sem sjá um flutninga á vegum, með fyrirvara um 1. mgr. 2. gr., vinni ekki undir neinum kringumstæðum meira en sex klst. samfellt án vinnuhlés. Vinnutíminn skal rofinn með a.m.k. 30 mín. vinnuhléi, ef heildarfjöldi vinnustunda er sex til níu klst., og a.m.k. í 45 mín. ef heildarfjöldi vinnustunda er níu klst. eða fleiri.

2. Vinnuhléum má skipta í tímabil sem vara í a.m.k. 15 mín.

6. gr.

#### Hvildartími

Í þessari tilskipun gilda sömu ákvæði um hvildartíma lærlinga og nema og annarra farstarfsmanna í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 3820/85 eða, ef svo er ekki, AETR-samninginn.

7. gr.

#### Næturvinna

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

- ef um næturvinnu er að ræða skuli fjöldi dagvinnustunda ekki fara yfir tíu klst. á hverjum sólarhring,
- greiddar séu jöfnunargreiðslur fyrir næturvinnu í samræmi við innlend lagaákvæði, almenna samninga, samninga milli aðila vinnumarkaðarins og/eða innlendar starfsvenjur, að því tilskildu að ekki sé líklegt að slíkar jöfnunargreiðslur dragi úr öryggi á vegum.

2. Framkvæmdastjórnin skal, innan ramma skýrslunnar sem hún tekur saman í samræmi við 2. mgr. 13. gr., meta afleiðingar ákvæðanna, sem kveðið er á um í 1. mgr. hér að framan, eigi síðar en 23. mars 2007. Ef þörf krefur skal framkvæmdastjórnin leggja fram viðeigandi tillögur með skýrslunni.

3. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram tillögu um tilskipun varðandi ákvæði sem tengjast þjálfun atvinnuökumanna, þ.m.t. þeirra sem vinna að nóttu til, og mæla fyrir um meginreglur slíkrar þjálfunar.

8. gr.

#### Undanþágur

1. Unnt er að samþykkja undanþágur frá 4. og 7. gr., af hlutlægum eða tæknilegum ástæðum eða ástæðum er varða vinnuskipulagið, með almennum samningum, samningum milli aðila vinnumarkaðarins eða, ef það er ekki hægt, með lögum og stjórnáskilum um að því tilskildu að fulltrúar atvinnurekendanna og hlutaðeigandi starfsmanna hafi með sér samráð og átak sé gert í því að hvetja til skoðanaskipta í öllum viðeigandi myndum milli aðila vinnumarkaðarins.

2. Möguleiki á undanþágu frá 4. gr. má ekki leiða til þess að við útreikning á hámarksfjöldu vinnustunda á viku að meðaltali sem er 48 klst. verði komið á viðmiðunartímabili sem er lengra en sex mánuðir.

9. gr.

#### Upplýsingar og skrár

Aðildarríkin skulu tryggja að:

- a) farstarfsmönnum sé greint frá viðkomandi innlendum kröfum, innri reglum fyrirtækisins og samningum milli aðila vinnumarkaðarins, einkum almennum samningum og fyrirtækjasamningum, ef einhverjir eru, sem eru gerðir á grundvelli þessarar tilskipunar, sbr. þó reglugerð ráðsins 91/533/EBE frá 14. október 1991 um

skyldu vinnuveitanda að skýra launþegum frá samnings-skilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi <sup>(1)</sup>,

- b) með fyrirvara um 1. mgr. 2. gr. er vinnutími farstarfsmanna, sem sjá um flutninga á vegum, skráður. Skrár skulu geymdar í a.m.k. tvö ár frá því að viðkomandi tímabili lýkur. Atvinnurekendur skulu bera ábyrgð á því að skrá vinnutíma farstarfsmanna. Atvinnurekendur skulu, þegar farið er fram á það, láta farstarfsmönnum í té afrit af gögnum um unnar stundir.

10. gr.

#### Hagstæðari ákvæði

Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkjana til að beita eða taka upp lög og stjórnáskilum um flutninga, sem eru hagstæðari heilsuvernd og öryggi farstarfsmanna sem sjá um flutning á vegum, eða rétt þeirra til að greiða fyrir eða heimila beitingu almennra samninga eða annarra samninga sem eru gerðir milli aðila vinnumarkaðarins sem eru hagstæðari að því er varðar heilsuvernd og öryggi farstarfsmanna. Framkvæmd þessarar tilskipunar skal ekki fela í sér gildar ástæður til að skerða almenna vernd sem starfsmennirnir, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., njóta.

11. gr.

Aðildarríki skulu koma sér upp kerfi viðurlaga vegna brota á innlendum ákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að slíkum viðurlögum sé beitt. Viðurlögin skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

12. gr.

#### Samningaviðræður við þriðju lönd

Þegar þessi tilskipun hefur öðlast gildi skal Bandalagið hefja samningaviðræður við viðkomandi þriðju lönd með beitingu reglna, sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, í huga fyrir farstarfsmenn sem eru ráðnir af fyrirtækjum með staðfestu í þriðja landi.

13. gr.

#### Skýrslur

1. Aðildarríki skulu annað hvert ár leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um framkvæmd tilskipunarinnar þar sem fram koma skoðanir aðila vinnumarkaðarins. Skýrslan skal berast framkvæmdastjórninni eigi síðar en 30. september sem kemur á eftir þeim degi sem tveggja ára tímabilið, sem skýrslan nær yfir, rennur út. Tveggja ára tímabilið skal vera það sama og um getur í 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 288, 18.10.1991, bls. 32.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram skýrslu annað hvert ár um framkvæmd tilskipunarinnar hjá aðildarríkjunum og þróun á viðkomandi sviði. Framkvæmdastjórnin skal framsenda skýrsluna til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar.

*14. gr.*

#### Lokaákvæði

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 23. mars 2005 eða þau skulu tryggja að aðilar vinnumarkaðarins hafi, eigi síðar en á þeim degi, gert nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt samningi þar eð aðildarríkin eru skuldbundin til að gera ráðstafanir svo að þau geti hvenær sem er ábyrgst þær niðurstöður sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun.

Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í fyrstu undirgrein skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau hafa þegar samþykkt eða sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að sendendur, vöruflutningsaðilar, aðalverktakar, undirverktakar og fyrirtæki, sem ráða til sín farstarfsmenn, fari að viðkomandi ákvæðum þessarar tilskipunar.

*15. gr.*

#### Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*16. gr.*

#### Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. mars 2002.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. PIQUÉ I CAMPS

*forseti.*